

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 122/1993.

Ingibjörg Sigurðardóttir

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Prentsmiðjunni Odda hf.

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Kjarasamningar. Veikindaförl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. febrúar sama ár. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 85.381,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. mars 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að krafa áfrýjanda verði „lækkuð verulega eða felld niður“. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á, að um rétt áfrýjanda til veikindalauna, sem deilt er um í málinu, fari eftir ákvæðum 6. kafla kjarasamnings Félags bókagerðarmanna við Félag íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasamband Íslands frá 25. mars 1988, sem gangi þannig framur 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Stendur 10. gr. laganna því ekki í vegi.

Texti greinar 6. 2. 3. í fyrrnefndum kjarasamningi kemur fram í hinum áfrýjaða dómi. Í ákvæðinu er ekki tekin bein afstaða til þess, hvort þar greindur réttur starfsmanns til launa vegna sjúkdóma eða slysa sé bundinn við samanlagðar fjarvistir í tvo mánuði á hverju tólf mánaða tímabili, eins og stefndi telur rétt að skýra ákvæðið, eða hvort starfsmaður njóti sjálfstæðs réttar til launa vegna hvers slysa- eða sjúkdómstilviks í allt að tvo mánuði, en til þess vísar áfrýjandi um kröfur sínar.

Í gögnum málsins er að finna ýmislegt, sem bendir eindregið til

Þess, að í reynd hafi aðilar að kjarasamningnum lengi gert ráð fyrir því, að fyrrgreinda skýringin ætti við um réttindi félagsmanna í Félagi bóka-gerðarmanna líkt og félagsmanna í þeim stéttarfélögum, sem störfuðu áður á þeim vettvangi fyrir stofnun þess heildarfélags. Í því sambandi verður meðal annars að vísa til þess, að sérstök ákvæði voru í kjarasamningi frá árinu 1977 milli Hins íslenska prentarafélags og viðsemjenda þess um svokallaða ónotaða veikindadaga frá árunum 1955 til 1965, sem vinnuveitendur skuldbundu sig til að greiða fyrir. Bendir þetta til, að ætlast hafi verið til, að fjöldi ónýttara veikindadaga yrði ákveðinn á þann hátt, að starfsmenn ættu tilkall til launa í veikindaforföllum vissan dagafjölda á ári, en ekki þann tíma í hvert sinn, sem nýjan sjúkdóm bæri að höndum. Einnig verður að líta til þess, að í fram lögðu eyðublaði fyrir umsókn um sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði Félags bóka-gerðarmanna er ráðgert, að umsækjandi afli vottorðs vinnuveitanda um þann fjölda veikindadaga, sem hann hafi fengið greidda á „síðustu 12 mánuðum“. Er þar ekki ætlast til, að greint sé frá því, hvort veikindi stafi af einni orsök eða fleiri. Þá er enn fremur ástæða til að taka tillit til þess, að í málinu liggur fyrir bréf frá Félagi bóka-gerðarmanna frá 21. nóvember 1991, þar sem voru gerðar kröfur fyrir tiltekinn félagsmann um laun vegna veikindaforfalla. Þær kröfur stafa sýnilega af þeim skilningi, að rétturinn til slíkra launa standi um ákveðinn tíma án tillits til þess, að veikindatilvikin hafi verið fleiri en eitt og stafað af ólíkum ástæðum hverju sinni.

Þegar litið er til þess, sem að framan greinir, svo og til þess, sem segir um þetta í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykir verða að skýra ákvæði kjarasamningsins, sem um ræðir í málinu, á þann veg, að hann hafi aðeins veitt áfrýjanda rétt til launa vegna veikinda úr hendi stefnda samanlagt í tvo mánuði á tólf mánaða tímabili án tillits til þess, að veikindaforföll hennar hafi stafað af ólíkum ástæðum. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, greiði stefnda, Prent-

smiðjuni Odda hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember sl., höfðaði Ingibjörg Sigurðardóttir, kt. 130868-5929, Fagrahvammi 11, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. september 1991, gegn Prentsmiðjuni Odda hf., kt. 490269-4019, Höfðabakka 3-7, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 88.889,50 kr. með dráttarvöxtum [svo og málskostnað].

Höfuðstól kröfu sinnar reiknar stefnandi þannig:

$76.000 \text{ kr. (mánaðarlaun)} \div 173,33 = 438,50 \times 8 \text{ t. (á dag)} = 3.508 \times 23 \text{ dagar (virkir dagar tímabilið 19. febrúar 1990 - 21. mars sama ár)} = 80.684$
að viðbættu 10.17% orlofi á þá fjárhæð.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega eða felld niður. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem starfað hafði hjá stefnda frá 17. maí 1985, þurfti að láta af störfum 24. janúar 1990 samkvæmt læknisráði vegna þungunar. Stefnandi var þá á 32. viku meðgöngu og þjádíst af grindargliðnun. Samkvæmt vottorði læknis var stefnandi veikindaskrifuð af þessum sökum frá 24. janúar til 21. mars 1990, en þann dag ól stefnandi stúlkubarn.

Stefndi greiddi stefnanda veikindalaun fyrir tímabilið 24. janúar til 18. febrúar 1990. Taldi hann stefnanda þá hafa fengið greidda þá veikindadaga, sem hún ætti rétt á samkvæmt kjarasamningi fyrir tímabilið mars 1989 til febrúar 1990, og hætti því frekari veikindalaunagreiðslu.

Stefnandi sótti um og fékk tveggja mánaða viðbótarfæðingarorlof frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ekki er ágreiningur með aðilum um þessa málavexti.

Stefnandi kveðst hafa leitað aðstoðar Félags bókagerðarmanna við að ná rétti sínum hjá stefnda. Ótvírætt sé, að hún eigi rétt til launa vegna veikinda fyrir tímabilið 24. janúar til 21. mars 1990. Samkvæmt kjarasamningi eigi stefnandi rétt á tveggja mánaða veikindalaunagreiðslum, en stefndi hafi aðeins staðið skil á greiðslu veikindalauna tímabilið 24. janúar til 18. febrúar.

Því krefjast stefnandi, að stefnda verði gert að greiða sér veikindalaun fyrir tímabilið 19. febrúar til 21. mars 1990. Veikindi stefnanda í janúar til mars 1990 hafi stafað af grindargliðnun vegna þungunar, en veikindi hennar í mars til desember 1989 hafi verið af allt öðrum toga, þ. e. vöðvabólga og algengar umfangspestir. Gildandi lög og kjarasamningar hafi alltaf verið túlkaðir þannig, að ef um óskyld veikindi sé að ræða, skerði það ekki þann heildarveikindarétt, sem menn njóti. Því til stuðnings bendir stefnandi á dóm Hæstaréttar frá 1960, bls. 332 í dómasafni, og tvo dóma bæjarþings Ísa-fjarðar.

Stefnandi kveður kröfur sínar styðjast við 5. gr. laga nr. 19/1979 og 6. kafla, gr. 6.2.3., í samningi Félags bókgærdarmanna annars vegar og Félags íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar frá 25. mars 1988. Krafa um orlof styðjist við lög nr. 30/1987 og krafa um vexti við lög nr. 25/1987, einkum 10. og 12. gr.

Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, nú 129. gr. laga nr. 91/1991, og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi kveðst hafa greitt stefnanda veikindalaun, eins og hún hafi átt rétt á samkvæmt kjarasamningi bókgærdarmanna og ráðningarsamningi miðað við starfstíma sinn hjá stefnda. Hafi stefnanda alls verið greiddir 46 virkir dagar vegna veikinda á tímabilinu mars 1989 til febrúar 1990.

Þegar veikindalaunagreiðslum til stefnanda var hætt, hafi henni verið bent á að snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasjóðs bókgærdarmanna, þar eð réttur hennar gagnvart stefnda væri tæmdur.

Stefndi kveðst hafa fengið þær upplýsingar hjá stefnanda, að Félag bókgærdarmanna hefði hafnað umsókn hennar um styrk úr sjúkrasjóði á þeim forsendum, að hún ætti ónotaðan veikindarétt á hendur stefnda, þar eð hún hefði fengið nýjan sjúkdóm, grindarlof, á meðgöngu, sem veitti henni nýjan og sjálfstæðan veikindalaunarétt úr hendi stefnda.

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda og styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu launa vegna starfs síns hjá stefnda, þegar hún hafi verið felld af launaskrá í febrúar 1990. Stefnanda hafi í raun verið greitt langt umfram samningsskyldu og hafi því ekki átt neina frekari launakröfu á hendur stefnda vegna fjarvista, sem stöfuðu af þungun, frá 19. febrúar til 21. mars 1990.

Stefndi mótmælir alhæfingu stefnanda um, að lög og kjarasamningar hafi alltaf verið túlkaðir þannig, að óskyld veikindi rýri ekki þann heildarrétt, sem launþegi eigi, þannig, að nýir sjúkdómar og kvillar veiti launþega ávallt

nýjan veikindarétt. Um þetta hafi Vinnuveitendasamband Íslands um árabil haldið hinu gagnstæða fram. Reglur um veikindarétt launþega séu mjög mismunandi eftir starfsstéttum, eins og ákvæði kjarasamninga og laga sýni. Réttur bókagerðarmanna fari eftir ákvæðum kjarasamnings, en ekki eftir ákvæðum laga nr. 19/1979. Túlkun dómstóla á lögum nr. 16/1958 og lögum nr. 19/1979 sé óviðkomandi veikindarétti bókagerðarmanna samkvæmt kjarasamningi þeirra við vinnuveitendur, því að í grein 6.4.2. í kjarasamningnum segi, að ákvæði 6. kafla hans komi „í stað fyrri samningsákvæða um greiðslur í veikinda- og slysatilvikum og ákvæði laga 19/1979“. Réttur stefnanda til veikindalauna fari algerlega eftir grein 6.2.5. í kjarasamningi bókagerðarmanna. Orðalag hennar veiti kröfum stefnanda enga stoð, og hafi það aldrei verið túlkað þannig, að nýir sjúkdómar veiti nýjan rétt.

Stefndi kveður sérstök veikindaákvæði í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og VSÍ vera að stofni til frá árinu 1980. Hinn 17. nóvember 1980 hafi Hið íslenska prentarafélag, Grafíska sveinafélagið og Félag bókbindara undirritað kjarasamning við VSÍ f. h. Félags íslenska prentiðnaðarins. Stéttarfélögin þrjú hafi síðan sameinast í eitt félag, Félag bókagerðarmanna, 1. janúar 1981. Veikindaákvæði í samningum bókagerðarmanna hafi ekkert breyst efnislega frá gerð samningsins 1980. Ástæða þess, að atvinnurekendur og stéttarfélög í prentiðnaði sömdu sérstaklega um veikindarétt launþega, hafi verið sú, að eftir setningu laga nr. 19/1979 hafi fljótlega risið ágreiningur milli prentiðnaðarmanna og vinnuveitenda um, hvort skyldi gilda, löginn eða kjarasamningar aðila. Þessum ágreiningi hafi lokið með undirritun áður nefnds samnings frá 17. nóvember 1980. Komi fram í bókun, sem fylgdi samningnum, að enginn ágreiningur hafi verið milli aðila um, að lög nr. 19/1979 giltu ekki um veikindarétt bókagerðarmanna eftir undirritun samningsins. Síðan þá hafi enginn ágreiningur verið milli aðila kjarasamningsins um, að réttur til veikindalauna sé tæmandi talinn í kjarasamningi og að hann sé óháður fjölda sjúkdóma.

Sýknukröfu sinni til stuðnings vísar stefndi einnig til þess, að ósannað sé með öllu, að veikindi stefnanda á árinu 1989 og 1990 hafi ekki tengst þungun hennar, og beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að veikindin hafi verið óskyld.

Loks bendir stefndi á, að stefnandi hafi hafið töku fæðingarorlofs 8. febrúar 1990. Fæðingarorlof sé launalaust leyfi, og í slíku leyfi eigi launþegar ekki rétt til launagreiðslna úr hendi vinnuveitanda síns, hvorki veikindalauna né annarra launa. Ljóst sé, að stefnandi hafi fengið tveggja mánaða viðbótarfæðingarorlof vegna veikinda á meðgöngu. Þessi réttur hafi verið samkvæmt 7. mgr. 16. gr. og K-lið 26. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971.

Forsenda fyrir greiðslu slíks fæðingarorlofs hafi verið, að stefnandi nyti ekki óskertra launa og hefði lagt niður launuð störf, sbr. 16. og 26. gr. laga nr. 67/1971. Launakrafa stefnanda fyrir sama tímabil fái því ekki staðist.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að ósannað sé með öllu, að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni þrátt fyrir launalausar fjarvistir sínar, þar eð hún hafi notið fulls fæðingarorlofs frá þeim tíma, sem hún féll af launaskrá stefnda. Þá hafi stefnandi fætt barn 21. mars 1990, og sé fráleitt að gera launakröfu á hendur vinnuveitanda fyrir þann dag. Krefst stefndi lækkunar eða niðurfellingar stefnufjárhæðar í samræmi við þessar staðreyndir.

Niðurstöður.

Í greinargerð sinni mótmælir stefndi harðlega þeim málatilbúnaði stefnanda að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar eð það sé hlutverk Félagsdóms að fjalla um og skýra efni kjarasamninga, en við munnlegan málflutning lýsti stefndi yfir, að hann krefðist ekki frávísunar af þessum sökum.

Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dóminum hefur komið fram, að Félag bóka-gerðarmanna standi strau af kostnaði við málsókn þessa. Þótt eðlilegt hefði verið í ljósi þessa, að aðilar hefðu lagt ágreining sinn um túlkun á kjarasamningnum undir Félagsdóm, þykir það ekki eiga að koma í veg fyrir, að stefnandi geti sótt fjárkröfu sína hér fyrir dómi.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á 5. gr. laga nr. 19/1979 og 6. kafla, gr. 6.2.3., í samningi Félags bókagerðarmanna annars vegar og Félags íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar frá 25. mars 1988.

Ákvæði greinar 6.4.2. í kjarasamningi þessum er svohljóðandi: „Framan- greind ákvæði koma í stað fyrri samningsákvæða um greiðslur í veikinda- og slysatilvikum, svo og ákvæði laga nr. 19/1979. Verði nefndum lögum breytt þannig á samningstímabilinu, að þau tryggi launþega frekari rétt en að framan greinir, þá gildir hinn lögboðni réttur.“ Ákvæði þetta er orðrétt samhljóða grein 7.3.3. í samningi milli Hins íslenska prentarafélags annars vegar og Félags íslenska prentiðnaðarins, Vinnuveitendasambands Íslands og Ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs hins vegar, sem undirritaður var 17. nóvember 1980.

Í samkomulagi milli samningsaðila, sem undirritað var sama dag sem fylgiskjal með samningi þessum, segir svo: „Samningsaðilar eru ásáttir um að leggja prófmál vegna ágreinings um rétt launþega til launa í sjúkdóms- og slysatilvikum fyrir gerðardóm, sbr. 10. gr. í samningi HÍP og FÍP. Ágrein-

ingur þessi er um hver réttindi launþegans eru skv. lögum nr. 19/1979 og/eða hliðstæðum ákvæðum kjarasamnings, þar sem réttur launþegans til greiðslu er skilgreindur á mismunandi veg. Ágreiningur varðar tímabilið frá gildistöku laganna til og með undirritunar kjarasamnings aðila frá 17. nóv. 1980.“

Orðalag samkomulagsins verður ekki skilið öðruvísi en svo, að frá 17. nóvember 1980 skuli kjarasamningur aðila gilda um rétt launþega til launa í sjúkdóms- og slysatilvikum, en ekki ákvæði laga nr. 19/1979.

Í sérprentun af gildandi kjarasamningi Félags bókagerðarmanna frá 25. mars 1988, sem lögð hefur verið fram í málinu, eru prentaðir sem viðaukar við samninginn útdrættir úr fimm lögum, sem varða réttindi og starfskjör launafólks. Í útdrætti úr lögum nr. 19/1979 eru aðeins teknar upp fyrstu þrjár greinar laganna, en það bendir til, að aðilar samningsins telji ákvæði laganna um veikinda- og slysarétt starfsmanna víkja fyrir ákvæðum samningsins.

Með vísan til þessa er það álit dómsins, að um rétt stefnanda til greiðslu veikindalauna fari algerlega eftir ákvæðum 6. kafla kjarasamningsins, einkum grein 6.2.3.

Grein 6.2.3. er svohljóðandi: „Fastráðinn starfsmaður, sem ráðinn hefur verið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfelld, skal, ef hann forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, njóta dagvinnulauna í allt að tvo mánuði og auk þess greiðslna vegna aukavinnu í allt að 7 vikur, s.s. fyrir er mælt í gr. 6.2.5.“

Orðalag greinarinnar, „vegna sjúkdóma eða slysa“ (í fleirtölu), bendir ótvírætt til þess, að ætlunin sé, að starfsmaður skuli njóta dagvinnulauna í tvo mánuði hið mesta án tillits til fjölda sjúkdóma eða slysa. Ekkert er að finna í öðrum ákvæðum nefnds 6. kafla, sem gefur ástæðu til að ætla, að aðilar hafi samið um, að nýjum veikindum fylgdi ávallt nýr réttur til veikindalauna.

Stefnandi heldur því fram í greinargerð, að gildandi kjarasamningar hafi alltaf verið túlkaðir þannig, að ef um óskyld veikindi sé að ræða, skerði það ekki heildarveikindarétt, sem menn njóti. Þannig veiti ný veikindi nýjan rétt til veikindalauna. Hvorki styður stefnandi fullyrðingu þessa rökum né reynir að öðru leyti að sanna hana.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómnum kvaðst stefnandi ekki hafa kynnt sér, hvort einhverjum hafi verið greidd veikindalaun, vegna þess að hann hafi talið sig vera með nýjan sjúkdóm, og kvaðst ekki vita til, að það hefði verið gert. Hún kvaðst hafa fengið þær upplýsingar frá stéttarfélagi sínu, að stefnda bæri að greiða sér veikindalaun vegna hinna nýju veikinda.

Porgeir Baldursson, prentsmiðjustjóri stefnda, gaf aðilaskýrslu fyrir dóm-

inum. Hann kvaðst hafa verið í samninganefnd af hálfu Félags íslenska prentiðnaðarins um árabíl og fullyrti, að kjarasamningur bókagerðarmanna hefði alla tíð verið framkvæmdur hjá stefnda í samræmi við þá túlkun, að ný veikindi veittu ekki nýjan rétt, án þess að það væri nokkurt ágreiningsmál. Hafi þessi framkvæmd aldrei sætt neinum athugasemdum af hálfu Félags bókagerðarmanna og aldrei risið neinn ágreiningur, fyrr en mál þetta kom upp.

Vitnið Kristín Auðunsdóttir, sem verið hefur gjaldkeri hjá stefnda frá árinu 1975 og séð þar um launagreiðslur, kvaðst fyrir dóminum aldrei hafa heyrt um það, að ný veikindi gætu veitt nýjan rétt til veikindagreiðslna, fyrr en mál þetta hafi komið upp. Alltaf hafi verið talið, að starfsmaður með sama starfsaldur og stefnandi ætti tveggja mánaða veikindarétt á ársgrundvelli. Taldir hafi verið saman veikindadagarnir, og þegar tveir mánuðir voru komnir, hafi rétturinn verið búinn.

Að öllu framansögðu athuguðu er það álit dómsins, að stefnandi hafi 19. febrúar 1990 verið búin að nýta að fullu þann rétt til veikindalauna úr hendi stefnda, sem kjarasamningur bókagerðarmanna veitti henni, og beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum hennar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 76.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Prentsmiðjan Oddi hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingibjargar Sigurðardóttur, í máli þessu.

Stefnandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, greiði stefnda, Prentsmiðjunni Odda hf., 76.000 kr. í málskostnað.